

Greinargerð með fjárhagsáætlun

Endurskoðuð áætlun

Á fimleikapingi 2019 var fjárhagsáætlun 2019-2020 samþykkt. Ákveðið var að leggja fram endurskoðaða áætlun 2020 í ár þar sem að verkefni og fjárhagur FSÍ breyttist töluvert eftir að Covid herjaði á heiminn. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir 11.830.811 kr. í hagnað á þessu ári, áætlaður hagnaður 2020 var 11.704.554 kr. Allir tekjuliðir, fyrir utan námskeið og fræðsluefni lækka í endurskoðaðri áætlun þar sem að innlendum og erlendum mótum fækkaði umtalsvert á árinu. Einnig var ákveðið að hækka áætlun í afskriftir vegna athugasemda skoðunarmanna reikninga á ársreikningi 2019. Þeir telja skynsamlegt að afskrifa um 5% á ári heildarviðskiptakröfur sambandsins, til þess að gefa skýrari mynd af eignum félagsins.

Breytingar í uppsetningu fjárhagsáætlunar og ársreiknings

Laun og launatengd gjöld

Í ársreikningi 2019 var gerð sú breyting að launum og launatengdum gjöldum er skipt upp í fjögur svið sem eru stjórnunarsvið, mótasvið, afrekssvið og fræðslusvið. Heildarkostnaður launa- og launatengdra gjalda er engu að síður undir rekstrargjöldum, en sýnt er fram á sundurliðun sviðanna fyrir neðan heildarkostnað sviðanna.

Í fjárhagsáætlun 2020-2021 er hinsvegar gengið lengra með sundurliðun launa og launatengdra gjalda með þeim hætti að eingöngu launakostnaður stjórnunarsviðs er undir rekstrargjöldum. Það sem eftir stendur dreifist á hin sviðin, þ.e. á mótasvið, afrekssvið og fræðslusvið.

Tilgangur þessa er að sýna raunverulegan kostnað sviðanna á móti tekjum þeirra.

Eurogym

Í fjárhagsáætlun 2019-2020 er ekki áætlað með tekjum eða kostnaði af Eurogym 2020 sem átti að fara fram á Íslandi sumarið 2020. Hinsvegar hefur Fimleikasambandið tekið inn tekjur vegna viðburðarins í formi staðfestingargjalds þjóðanna sem og kostnað vegna þess líka. Því var ákveðið að sundurliða Eurogym sérstaklega í ársreikningi og fjárhagsáætlun svo viðburðurinn væri ekki að sýna ranga mynd af fjárhagi og bókhaldi FSÍ.

Í dag erum við með fyrirtæki sem heldur utan um rekstur Eurogym og því hefur Fimleikasambandið sent reikning á fyrirtækið fyrir þeim kostnaði sem að Fimleikasambandið hefur lagt út vegna viðburðarins. Á sama hátt hefur fyrirtækið sent reikning á Fimleikasambandið fyrir þeim tekjum sem Fimleikasambandið tók inn fyrir viðburðinn.

Ástæðan fyrir því að Eurogym er inn í fjárhagsáætlun 2020-2021 er vegna þess að Fimleikasambandið greiðir launakostnað starfsmanna Eurogym, en líkt og kom fram að ofan, þá sendir Fimleikasambandið reikning á fyrirtækið fyrir þeim kostnaði.

Eins og sést í fjárhagsáætluninni þá hefur Eurogym ekki áhrif á fjárhag FSÍ þar sem tekjurnar koma jafnt á móti kostnaði.

Leyfiskerfi

Ákveðið var að bæta við skýringunni „Leyfiskerfi“ og sundurliða tekjur af hverju leyfi fyrir sig.

Rekstrargjöld

Bætt var við sundurliðun vegna Fimleikabings, húsaleigu og trygginga sem var ekki í samþykktari áætlun 2019-2020.

Skýringar 2020-2021

Styrkir og framlög

Við leggjum upp með að fá sambærilega styrki og á fyrri árum frá ÍSÍ og Lottó og með það að leiðarljósi áætlum við kostnað af afrekssviði. Því er ljóst að ef styrkveiting verður ekki með sama hætti þá þarf að draga úr kostnaði afrekssviðs á móti.

Einnig er áætlað að styrkveiting frá samstarfsaðilum verði ekki jafn mikil og áætlað var fyrir 2020 þar sem að styrkveiting hefur m.a. verið í formi fatnaðar fyrir afrekssvið og þar sem að ekki verður farið í jafn mörg erlend verkefni og lagt var upp með verður styrkveiting í þessu formi minni en á fyrri árum.

Innlend mót og sýningar

Fimleikasambandið hefur felld niður a.m.k. 7 mót á árinu sem áttu að fara fram og samhliða því minnkar umfang mótasviðs umtalsvert. Í endurskoðaðri áætlun er þó áætlað að mót haustannar fari fram.

Alþjóðleg mót og sýningar

Lagt var upp með að farið yrði á mörg alþjóðleg áhaldafimleikamót, EM í hóp fimleikum, Golden Age og Eurogym þegar áætlun 2019-2020 var sett fram. Öllum þessum verkefnum, að undanskildu Evrópumót í áhaldafimleikum, hefur verið frestað og því minnka tekjurnar umtalsvert árið 2020. Stefnt er þó á að fara í öll þessi verkefni árið 2021 og eru því áætlaðar tekjur 2021 mun hærri en 2020.

Inn í tekjulið og kostnaðarlið afrekssviðs er reiknað með töluverðum tekjum og kostnaði vegna Eurogym (rúmar 20 milljónir beggja megin) þar sem að áætlað er að fleiri íslenskir þátttakendur taki þátt í verkefninu bæði þar sem að hátíðin fer fram á Íslandi sem og vegna samdráttar í ferðalögum íslendinga.

Námskeið og fræðslufni

Helstu breytingarnar á tekjum fræðslusviðs eru þær að ekki er reiknað með dómaranámskeiðum haustið 2020 né árið 2021. Von er á nýjum dómarareglum árið 2021 og er því ekki talin þörf á dómaranámskeiðum þar til þær verða gefnar út.

Fimleikasambandið mun halda áfram að vinna að betrubótum í bókhaldskerfi, sýnileika á gjöldum sambandsins sem og meiri upplýsingagjöf til félaganna um fjárhag þess.

Eva Hrund Gunnarsdóttir
Fjármál
Fimleikasamband Íslands